

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 13. febrúar 1978

um hæfni tækja til upphitunar húsnæðis og öflunar heits vatns í nýjum eða eldri byggingum, sem eru ekki notaðar til atvinnurekstrar, og um einangrun hita- og neysluvatnskerfa í nýjum byggingum sem eru ekki notaðar til atvinnurekstrar

(78/170/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 103. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í ályktun sinni frá 17. september 1974 um nýja stefnu í orkumálum fyrir bandalagið <sup>(3)</sup> samþykkti ráðið það markmið að hægja á aukningu orkunotkunar innan bandalagsins með ráðstöfunum sem leiddu til skynsamlegrar og hagkvæmrar orkunýtingar án þess að stefna félagslegum markmiðum eða hagvexti í hættu.

Í ályktun sinni um aðgerðaáætlun bandalagsins um aðgerðir til að bæta orkunýtingu frá 17. desember 1974 <sup>(4)</sup> benti ráðið á að framkvæmdastjórnin hefði í orðsendingu sinni, sem ber yfirskriftina „Skynsamleg orkunýting“, lagt drög að áætlun um aðgerðir á þessu sviði.

Allar framfarir á sviði skynsamlegrar orkunýtingar eru almennt til hagsbóta fyrir umhverfið.

Hitakerfi í byggingum henta vel til slíkrar ráðstafana.

Í tilmælum 76/493/EBE <sup>(5)</sup> var fjallað um hitakerfi í byggingum sem nú eru í notkun.

Þegar um er að ræða ný hitakerfi er nauðsynlegt að ná sem fyrst fram orkusparnaði sem mun hafa áhrif á heildarorkunotkun jafnskjótt og kerfin verða sett upp.

Í þessu augnamiði ætti að samþykkja tilskipun sem legði grunn að samvinnu aðildarríkjanna við að kanna leiðir til orkusparnaðar sem drægju úr áhrifum erfiðleika er koma

upp við aðdrætti eins og um getur í 4. mgr. 103. gr. sáttmálans.

Tæki til upphitunar húsnæðis og heits neysl vatns í nýjum eða eldri byggingum sem eru ekki notaðar til atvinnurekstrar ætti að yfirfara á framleiðslustiginu eða þegar þau eru sett upp.

Í nýbyggingum, sem ekki eru notaðar til atvinnurekstrar, ætti að vera skylt að einangra bæði hitatæki og dreifingarkerfi fyrir upphitaðan vökva, enda sé kostnaður við það verjandi.

Tilkynna ber framkvæmdastjórninni reglulega til hvaða ráðstafana hafi verið ákveðið að grípa og hvaða árangur hafi náðst eða sé vænst.

Þær ráðstafanir sem gripið er til vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar ættu að fela í sér ráðstafanir sem samþykktar eru um samræmingu á lögum aðildarríkjanna á þeim sviðum sem þessi tilskipun fjallar um og ættu að beinast að því að auðvelda þá samræmingar- og stöðlunarvinnu sem þegar er hafin eða í vændum er, bæði á vettvangi bandalagsins og á alþjóðlega vísu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tæki til upphitunar húsnæðis og eða heits neysl vatns í nýjum eða eldri húsum sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar uppfylli lágmarkskröfur um afköst.

Ef um er að ræða upphitunartæki sem notað geta mismunandi orkugjafa skulu lágmarkskröfur um afköst í hverju tilviki taka mið af þeim orkugjafa sem notaður er.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 266, 7. 11. 1977, bls. 55.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 287, 30. 11. 1977, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 153, 9. 7. 1975, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 153, 9. 7. 1975, bls. 5.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 140, 28. 5. 1976, bls. 12.

Heitið „tæki til upphitunar (upphitunartæki)“ skal meðal annars vísa til heitavatskatla, gufukatla, lofthitara, að meðtöldum íhlutum þeirra, og einkum brennara sem hæfa því jarðefnaeldsneyti sem notað er. Sambyggð tæki til upphitunar og raforkuvinnslu skulu einnig skoðast sem upphitunartæki. Í slíkum tilvikum miðast lágmarkskröfur um afköst við hámarksorkuvinnslu.

Rafmagnshitarar með mótstöðu og tengingar við fjarvarma-veitu skulu undanskildir.

Í síðari tillögu að aflokinni viðeigandi tæknilegri úttekt verður fjallað um þau tæki sem ekki er unnt að gera gerðarpröfun á.

2. Aðildarríkjunum ber að ganga úr skugga um að lágmarkskröfur um afköst séu tryggðar með skoðun, annaðhvort á framleiðslustigi upphitunartækisins eða við uppsetningu þess.

3. Upphitunartæki sem skoða ber á framleiðslustigi er óheimilt að bjóða til sölu nema þau standist lágmarkskröfur um afköst. Votta skal að viðkomandi reglum sé fullnægt með skilti þar sem eftirfarandi lágmarksupplýsingar koma fram:

- nafn framleiðanda,
- gerð upphitunartækis og framleiðsluár,
- hitunarfköst í kW miðað við þær gerðir eldsneytis sem hægt er að nota,
- gerð og eiginleikar orkugjafa sem notaðir eru,
- hámarkshiti upphitaða vökvans,
- staðfesting á að skoðun hafi farið fram og nafn þess aðila sem hefur framkvæmt hana,
- orkunotkun hvers upphitunartækis þegar það vinnur miðað við uppgefin afköst.

Með hugtakinu „hitunarfköst“ er átt við mestu afköst upphitunartækisins í stöðugum rekstri.

Þegar upphitunartæki, sem er skoðunarskylt við framleiðslu, er sett upp ber að afhenda notandanum skriflegar leiðbeiningar um notkun og viðhald svo að honum sé gert kleift að ná fram bestu nýtingu. Leiðbeiningarnar eru háðar eftirliti eins og upphitunartækið sjálft og þær skulu hafa að geyma helstu niðurstöður þeirrar úttektar.

4. Orkutap í upphitunartækjum sem skoða ber við uppsetningu má ekki fara yfir þau mörk sem aðildarríkin ákveða.

2. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skylt verði að einangra dreifikerfi og heitavatskúta í húsnæði sem er ekki notað til atvinnurekstrar, bæði hvað varðar vökva til hitunar og heitt neysluvatn, enda sé kostnaður við það verjandi.

Þessi ákvæði skulu einnig gilda um kerfi sem tengd eru við fjarvarma-veitu.

Þau skulu einnig gilda um ný upphitunartæki, þar með talin rafmagnskerfi til hitunar á vatni, bæði í eldri og nýrri byggingum sem ekki eru notaðar til atvinnurekstrar.

3. gr.

Eftir 1. janúar 1981 er eigi lengur heimilt að setja upp tæki til upphitunar nema það fullnægi lágmarkskröfum um afköst í samræmi við 1. gr.

Ráðstafanir þær sem um getur í 2. gr. skulu gilda frá 1. júlí 1980.

4. gr.

Aðildarríkjunum ber að tilkynna framkvæmdastjórninni með tilskildum fyrirvara um ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli þessarar tilskipunar og um árangur eða væntanlegan árangur slíkra ráðstafana.

5. gr.

Tilskipun þessi hefur engin áhrif á ráðstafanir sem byggðar eru á 100. gr. sáttmálans.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. febrúar 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

P. DALSGER

forseti.